

mig um að gera það. Eg veit, að það er best fyrir ykkur, börn-in góð.

Um svörin frá börnunum.

Seinast lofaðist eg til þess að gera grein fyrir svörum. Tólf börn hafa sent mér svör. Og þakka eg þeim öllum fyrir. Raunar hafði eg búist við svörum frá fleiri börnum. Ær eg býst hálfst í hvoru við, að til fyrirstöðu hafi verið, að þau hafi verið hrædd við að senda mér svar — ef til vill hrædd við prestinn.

Það kemur fyrir, að börn eru hrædd við presta, af því þau hafa verið hrædd á þeim. Presturinn hefur af sumum verið hafður fyrir grýlu á börnin, þegar þau hafa verið vond. Og þá halda þau, að presturinn sé einhver svartur, ljótur karl með poka, og komi út úr einhverju myrkra-skoti og dungi vondu börnunum o'ní pokann sinn. Barn spurði mig einu sinni að því, hvar pokinn minn væri. Og furðadi sig augsýnilega á því, að það sá hvergi pokann. — Eða presturinn er hafður fyrir vönd á börnin. Og þá hugsa þau sér, að hann sé böðull með vöndinn á lofti og láti hann dynja á þeim, ef þau æmta eða skrämta.

EKKI er það laust við, að þetta sé hálf-leiðinlegt fyrir prestinn. Og ekki er það sem allra best fyrir börnin. Raunar enginn ábati heldur fyrir foreldrana. — Prestumum öllum þykir vænt um ykkur, börn. Og þá langar til þess að gera ykkur alt hið besta. Svo þið þurfð alls ekki að vera hrædd við þá.

En eg býst við, að það hafi ekki að eins verið þetta, sem hafi aftrað ykkur, heldur líka framtaksleysið. Ykkur hetur langað til þess að svara. Og þið hafið ætlað að gera það; en framtakssemina hefur vantað. Það hefur orðið að steini í veginum fyrir ykkur, sem þið hafið látið leggja. Óhræsis framtaksleysið er slæmur „steinn“.

Svo óttast eg eitt enn. Eg óttast, að sumum hafi fundist það vera of mikil áreynsla fyrir sig að svara. Hafi með öðrum orðum alls ekki nent því. Hafi ekki viljað hafa fyrir því. Haldið líklega, að það *borgaði* sig ekki. „Fjársjóðurinn“ undir „steininum“ mundi ekki vera þess virði, að lagt væri nokkuð á sig til þess að ná í hann. Nú, „fjársjóðurinn“ var vitanlega ekki verðlaunin, sem heitin voru, heldur *gagnið*, gróðinn sá, sem hvert barn gat haft af því að eiga við spurningarnar og leggja það á sig að svara þeim. Hann gróða hafa öll þau börn farið á mis við, sem ekki hafa nent að eiga við spurningarnar.

Eg tel sjálfsagt samt, að miklu fleiri hafi glímt við þær en